

# Leiklist í Hafnarfirði

Í Hafnarfirði hefur verið leikið í meira en 130 ár. Þar hafa bæði starfað áhugaleikfélög og atvinnuleikhús, auk þess sem ýmsir þjóðkunnir leikarar eru hafnirskir að uppruna eða hafa einhvern tímann tyllt niður fæti á hafnirskum leiksviðum. Á nítjándu öld urðu Hafnarfirðingar flestum, ef ekki öllum, fyrri til að koma sér upp leikhúsi og síðar fékk Leikfélag Hafnarfjarðar ágæta aðstöðu í Bæjarbíói. Þá hefur löngum verið mikið leikið skólum bæjarins, bæði barnaskólanum og Flensborgarskóla og sú starfsemi jafnvel skilað sér út í hið almenna áhugaleikstarf. Leiksgaga Hafnfirðinga er því, þegar á allt er litið, bæði löng og fjölbreytt og á köflum metnaðarmikil.

Ekki er vitað með vissu hvenær leiksýningar hefjast í Hafnarfirði, en þó er nokkuð ljóst að það var áður en Gúttó kom til sögunnar, um 1880. Sýnt var í Linnetspakkhúsi svonefndu og var *Skugga-Sveinn* Matthíasar Jochumssonar leikinn. Frá þessu segir í endurminningum Knuds Ziemsens borgarstjóra í Reykjavík. Með tilkomu Gúttó breyttist leikaðstaða auðvitað til mikilla muna, þó að framan af muni Hafnfirðingar ekki hafa hugsað svo hátt að stofna sérstakt leikfélag. Þó er getið um leikfélag í blaðinu *Kvási* sem var gefið út í bænum á árunum 1908 – 09, en litlar heimildir eru að öðru leyti um starf þess.



# Leiklist í Hafnarfirði

Í Hafnarfirði hefur verið leikið í meira en 130 ár. Þar hafa bæði starfað áhugaleikfélög og atvinnuleikhús, auk þess sem ýmsir þjóðkunnir leikarar eru hafnfirskir að upp-  
runa eða hafa einhvern tímenn tyllt niður fæti á hafnfirskum leiksviðum. Á nítjándu öld urðu Hafnarfirðingar flestum, ef ekki öllum, fyrri til að koma sér upp leikhúsi og síðar fékk Leikfélag Hafnarfjarðar ágæta aðstöðu í Bæjarbíói. Þá hefur löngum verið mikið leikið í skólum bæjarins, bæði barnaskólanum og Flensborgarskóla. Leiksaga Hafnfirðinga er því, þegar á allt er litið, bæði löng og fjölbreytt og á köflum metnaðarmikil.



Að ofan: Gudfína Breiðfjörð í *Kinnarholssysturum* 1945.  
Að neðan: Hulda Runólfsdóttir var ein mesta leikstjarna Hafnfirðinga um árabíl. Hún er hér í hlutverki Úlriku í *Kinnarholssysturum* 1950.

Ekki er vitað með vissu hvenær leiksýningar hefjast í Hafnarfirði, en þó er nokkuð ljóst að það var áður en Gúttó kom til sögunnar, um 1880. Sýnt var í Linnetspakkhúsi svonefndu og var *Skugga-Sveinn* Matthíasar Jochumssonar leikinn. Frá þessu segir í endurminningum Knuds Ziemsens borgarstjóra í Reykjavík. Með tilkomu Gúttó breyttist leikaðstaða auðvitað til mikilla muna, þó að framan af muni Hafnfirðingar ekki hafa hugað svo hátt að stofna sérstakt leikfélag. Þó er getið um leikfélag í blaðinu *Kvási* sem var gefið út í bænum á árunum 1908–09, en litlar heimildir eru að öðru leyti um starf þess.



# Góðtemplarahúsið (Gúttó)

Gúttó í Hafnarfirði er eitt af allra fyrstu góðtemplarahúsum landsins. Það var byggt árið 1886 og vígt 17. desembersama ár. Húsið var í fyrstu aðeins sá hluti sem nú er samkomusalur. Árið 1907 var byggð þverálma sunnan við það með leiksviði og húsvarðaríbúð og árið 1929 var lokið við að byggja aðra þverálmu norðan við það í þeirri mynd sem nú er.



Gúttó var fyrsta eiginlega samkomuhús Hafnfirðinga og aðalmenningarmiðstöð bæjarins í áratugi. Þar var leikið frá upphafi. Leikfélag Hafnarfjarðar var stofnað árið 1936 og starfaði fyrstu árin í Gúttó, en veturinn 1944-45 flutti það starfsemi sína í hið nýja bíóhús bæjarins.



Góðtemplarahúsrisu upp á næstu árum um allt land og voru í reynd fyrstu fjölnota samkomuhúsin, svo notað sé orðalag frá síðari tíma. Því miður eru flest þessara húsa horfin sjónum og ekki álitamál að þar hefur mikilvægur hluti af íslenskum menningararfi farið forgörðum. En Gúttó í Hafnarfirði stendur enn og er trúlega besta dæmið, sem við eigum, um íslenskt landsbyggðarleikhús frá fyrri hluta síðustu aldar.



# Góðtemplarareglan



Góðtemplarareglan var á margan hátt vagga íslenskrar leikstarfsemi. Þetta var öflug alþjóðleg félagsmálahreying sem namlandá Íslandi á miðjum níundaáratug 19. aldar. Eitt meginmarkmið hennar var að vinna gegn áfengis- og tóbaksnautn meðal allra stétta og efla í því skyni félagsanda og samstöðu. Besta ráðið til þess var að finna fólki heilbrigðari og þroskavænlegri áhugamál og tómstundastörf en almennt voru í boði á þeim tíma. Leiksýningar urðu því eðlilega snemma mjög vinsælar hjá Reglunni, auk þess sem þær gátu verið drjúg tekjulind fyrir starf hennar og uppbyggingu.



# Þorsteinn Egilson

Hafnfirðingar eignuðust snemma eigið leikskáld. Það var Þorsteinn Egilson, kaupmaður (1842 – 1911). Þorsteinn var sonur Sveinbjarnar Egilssonar, skálds og rektors Lærða skólans í Reykjavík, og bróðir Benedikts Gröndal, skálds. Hann varð stúdent úr Lærða skólanum í Reykjavík árið 1860 og gerðist síðar umsvifamikill kaupmaður og útgerðarmaður í Hafnarfirði.



Á námsárum sínum í Reykjavík kynntist Þorsteinn Sigurði Guðmundssyni málara (1833 – 1874), einum merkasta frumkvöðli íslenskrar leiklistar á nítjándu öld. Meðal þess sem Sigurður átti þátt í var stofnun Kveldfélagsins, leynifélags til að ýta undir þjóðfélagslegar framfarir á öllum sviðum. Þorsteinn Egilson var félagi í því. Á einum af fundum þess var fluttur lítill leikþáttur sem Þorsteinn hafði samið í félagi við annan mann, samtal tveggja sauða um eitt helsta hitamál þjóðarinnar á þeim árum, fjárkláðann. Þorsteinn Egilson er í beinni snertingu við þessa uppsprettu leiklistar í landinu og miðlar síðar áhrifum frá henni til Hafnfirðinga.

Eftir að Þorsteinn fluttist til Hafnarfjarðar varð hann einn helsti frumkvöðull leiksýninga. Íslenska þjóðin átti á þessum tíma ekki mikið af leikritum og urðu *Skugga-Sveinn* Matthíasar Jochumssonar og *Nýársnótt* Indriða Einarssonar snemma flestum öðrum vinsælli. Þó voru leikir Sigurðar Péturssonar sýslumanns (1759 – 1827), Hrólfur og Narfi, einnig mikið leiknir. Öll voru þessi leikrit sýnd í Hafnarfirði fyrir aldamótin 1900. Þess má til gamans geta að Eyjólfur Illugason járnsmiður þótti sýna mikil tilþrif í túlkun *Skugga-Sveins*, svo að orð fór af um allt land. Eyjólfur var einnig í fremstu röð hafnfirskra góðtemplara um langt skeið. En þó að þessi leikrit nytu mikillar lýðhylli var ekki hægt að byggja leikstarfið á þeim einum eða þýðingum erlendra leikrita.



# Leikrit Þorsteins Egilsonar

Þorsteinn Egilson greip til þess ráðs að skrifa sjálfur leikrit vegna skorts á innlendum leikritum til flutnings. Á tíunda áratugnum voru flutt eftir hann tvö leikrit sem voru bæði prentuð: *Útsvarið* (leikið í Flensborgarskóla árið 1893, prentað árið 1895) og *Prestskosningin* (prentað 1894, leikið árið 1895). Í báðum leikritunum eru umdeild dægurmál tekin fyrir og gerð að uppistöðu í leikfléttunni og þau að því leyti undir áhrifum frá raunsæisstefnunni (realismanum). *Útsvarið* er þó, líkt og leikir Sigurðar Péturssonar sýslumanns, sem einnig voru leiknir í Hafnarfirði, samið undir greinilegum áhrifum frá klassískum gamanleikjum Holbergs og Molières. Í *Prestskosningunni* er ádeilan pólitískari; þar eru teknar til meðferðar spurningar um þá meinbugi sem geta verið á framkvæmd lýðræðisins, hættunar við að einstakir menn noti það sjálfum sér til framdráttar í krafti auðs og áhrifa.

Þorsteini Egilsyni var ekki, fremur en William Shakespeare, sama um það hvernig farið væri með leiki hans á sviðinu. Í eftirmála *Prestskosningarinnar* segir hann sem sé: „Viðvíkjandi því, hvernig hver persóna væri leikin, skal jeg geta þess, að engin persóna í leiknum á að leikast sem nein skrípa-persóna. Maður sjer stundum leikendur ætla að skemmta áhorfendum með ónáttúrulegum skrípalátum, en að minnsta kosti, hvað persónur í þessum leik áhrærir er það á móti mínun vilja, og móti því sem jeg hef hugsað mjer þær, ef nokkur þeirra er leikin á þann hátt.“ Telja má víst að Þorsteinn hafi brýnt fyrir leikendum að forðast allar slíkar öfgar þegar hann setti leikina á svið í heimabæ sínum.



# Hugað að stofnun leikfélags

Leikfélag Reykjavíkur var stofnað árið 1897 og var starf þess mjög öflugt frá upphafi. Fordæmi þess sýndi hversu miklu skipti að stofna sérstakt félag um leikstarfið og víða um land spruttu upp leikfélög á næstu árum og áratugum. Forsvarsmenn annarra félaga og samtaka, svo sem kvenfélaga, bindindisfélaga og ungmennafélaga, voru þó ekki alltaf hrífnir af slíkri ráðabreytni, því að þau óttuðust að með því myndu félög þeirra missa tekjur. Þá var ekki óalgengt að menn settu á svið leiki til að afla fjár til sérstakra framkvæmda eða líknarmála. Leikáhugamenn bentu hins vegar á nauðsyn þess að nýta tekjurnar af sýningunum til að koma upp betri sviðsbúnaði og vinnuástöðu. Um þetta var á stundum tekist undir yfirborðinu.



Ekki fer miklum sögum af slíkum átökum í Hafnarfirði, en staðreyndin er þó sú að sjálfstætt leikfélag nær þar fótfestu tiltölulega seint, eða á fjórða áratug síðustu aldar. Fram að því höfðu ýmis félög staðið fyrir sýningum, ekki síst Kvenfélagið Hringurinn, sem var stofnað árið 1912. Voru þess jafnvel dæmi að félagskonur væru sjálfar í öllum hlutverkum.



# Steinn Sigurðsson

Leikstarf á landsbyggðinni hefur alltaf átt mikið undir einstökum áhugamönnum sem náð hafa að kveikja áhuga og metnað starfsfélaga sinna. Hafnfirðingar hafa átt nokkra slíka eldhuga sem markað hafa spor í leiksögu bæjarins. Á árunum í kringum 1920 átti Steinn Sigurðsson kennari (1872 – 1940) drýgstan þátt í leikstarfi bæjarins og setti þá á svið að minnsta kosti fjóra af sjónleikjum sínum. Steinn lék reyndar ekki sjálfur, en stóð fyrir sýningunum, stýrði æfingum og annaðist gerð leiktjalda. Gísli Jónsson listmálari fékkst einnig við leiktjaldamálun á þessum árum. Jón Bergsteinn Pétursson mun oftast hafa farið með aðalhlutverkin í leikritum Steins, en hann var viðriðinn leikstarf í bænum um þrjátíu ára skeið. Síðasti leikur Steins sem hann setti á svið var *Stormar* árið 1924. Það var leikið af Leikfélagi Reykjavíkur tveimur árum síðar. Í leikritinu er fjallað um stéttaátök þau, sem tekin voru að setja aukinn svip á þjóðlíf þessara ára, og er þetta eitt fyrsta dæmi þess að þau séu tekin til meðferðar á íslensku sviði.





# Leikfélag Hafnarfjarðar

Leikfélag Hafnarfjarðar hóf göngu sína árið 1936. Var fyrsta viðfangsefni þess leikrit Steins Sigurðssonar, *Almannarómur*. Eftir kraftmikla byrjun dofnaði yfir félaginu, en árið 1943 hljóp í það nýr kraftur og starfaði félagið eftir það samfleytt í rúma tvo áratugi. Fyrstu árin lék það í Gúttó, en fluttist í Bæjarbío þegar það var opnað árið 1945.



Verkefnaval Leikfélagsins sór sig í ætt við það sem löngum tíðkaðist hjá leikfélögum landsbyggðarinnar. Gamanleikir, flestir af erlendum uppruna, voru algengir og urðu sumir afar vinsælir, fáir ef nokkrir þó sem *Ráðskona Bakkabraeðra* sem félagið sýndi tvívegis við gríðarlega aðsókn. Ekki er að efa að félagið naut þá nábylisins við höfuðborgina og að Reykvíkingar hafa ekki talið eftir sér að skreppa til Hafnarfjarðar til þess að fá sér góðan hlátur.

## Leikfélag Hafnarfjarðar var stofnað 19. apríl 1936

### Verkefnaskrá fyrstu árin:

1936-37: *Almannarómur*. Narfi Narfason og Heyrnarleysið.  
1937-38: *Húrra krakki*.  
1938-39: *Eruð þér frímúrari?* Leikstj. Alfred Andrésson.  
Hlé á sýningum utan hvað félagar úr LH sýndu *Ævintýri á gönguför* og *Þorlák þreytta* 1942-43. Leikstj. Haraldur Á. Sigurðsson.  
1942-43: *Apakötturinn og Nei-íð*.  
1943-44: *Ráðskona Bakkabraeðra*. Leikstj. Hulda Runólfsdóttir.  
1944-45: *Ráðskona Bakkabraeðra*.  
Kinnarholssystur. Leikstj. Jón Norðfjörð.  
Hreppstjórinn á Hraunhamri. Leikstj. Sveinn V. Stefánsson.  
1945-46: *Hreppstjórinn á Hraunhamri*.  
Tengdapaðbi. Leikstj. Jón Aðils.  
Pósturinn kemur. Leikstj. Lárus Sigurbjörnsson.  
1946-47: *Húrra krakki* (og *Fjalakötturinn*). Leikstj. Haraldur Á. Sigurðsson.  
1947-48: *Karlinn í kassanum* (og *Fjalakötturinn*). Leikstj. Indriði Waage.  
1948-49: *Gasljós*. Leikstj. Ævar R. Kvaran.  
Revían Gullna leiðin. Leikstj. Ævar R. Kvaran.  
1949-50: *Ekki er gott að maðurinn sé einn*. Leikstj. Inga Laxness.



# Stjörnur „að sunnan“

En félagið naut þess einnig að geta sótt leikara og leikstjóra til Reykjavíkur. Það leitaði langoftast til atvinnumannanna í Reykjavík um leikstjórn og stundum komu frægar stjörnur „að sunnan“ til bæjarins, leikarar á borð við Alfred Andrés-son, Harald Á. Sigurðsson, Róbert Arnfinnsson, Ernu Sigurleifsdóttur og fleiri. Árið 1945 var Jón Norðfjörð, leikari og leikstjóri frá Akureyri, gestur félagsins og stóð fyrir námskeiðum. Þegar Einar Pálsson var leikstjóri hjá félaginu 1951-2 var veitt tilsögn í framsögn. Klemens Jónsson veitti leiklistarskóla forstöðu á vegum félagsins 1958-69 og voru nemendur 12 talsins. Kennarar voru einnig leikarar úr Reykjavík, þau Inga Laxness, Inga Þórðardóttir, Herdís Þorvaldsdóttir og Jón Aðils. Haraldur Adolfsson veitti einnig tilsögn í förðun og Jón Valgeir Stefánsson í dónsum. Einnig kom fyrir að leikmyndateiknarar voru sóttir til Reykjavíkur. Á fyrri hluta sjötta áratugarins gerði Þjóðverjinn Lothar Grund nokkrar leikmyndir við sýningar félagsins, en Lothar var menntaður í faginu og átti eftir að gera mjög athyglisverðar leikmyndir á sviði Þjóðleikhússins.



Hafnfirskir leikarar voru löngum ferðaglaðir og leikferðir voru snar þáttur í starfi L.H. Oftast var farið með sýningar í nágrennbæi, en einnig lengra og sýnt á stöðum eins og Akranesi og Vestmannaeyjum. Árið 1952 var farið norður í land og sumarið 1948 í mikla leikför um Austurland; var þá sýnt tíu sinnum á sjö stöðum, eins og segir í 25 ára söguannál félagsins.



# Hermóður og Háðvör

Árið 1995 tók leikhópurinn Hermóður og Háðvör til starfa. Fyrirlíði hópsins var Hilmar Jónsson leikstjóri, en aðrir burðarásar voru Gunnar Helgason, Björk Jakobsdóttir, Erling Jóhannesson og Finnur Arnar Arnarsson sem gerði langflestar leikmyndir. Fyrsta sýning hópsins var nýtt leikrit eftir Árna Ibsen, Himnaríki, sem fékk afbragðs viðtökur bæði áhorfenda og gagnrýnenda. Leikritið var sett upp í hinu

gamla frystihúsi Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar á Norðurbakkanum. Hópurinn náði því að gera sameiginlegan starfssamning við Hafnarfjarðarbæ og ríkið sem skóp honum traustan starfsgrundvöll.



Framan af starfaði hópurinn í frystihúsinu gamla sem síðar vék fyrir íbúðarblokkum. Rýmið var all-óvenjulegt: Salurinn langur og breiður, en ekki hár til lofts sem setti sýningum ákveðin takmörk. En það gaf einnig möguleika sem oft voru nýttir á afar hugmyndaríkan hátt og var skipan sviðs og áhorfendarymis mjög breytileg eftir verkefnum. Í verkefnavali lagði hópurinn áherslu á ný íslensk verk eða frumsamdar leikgerðir eftir þekktum skáldverkum.



# Árni Ibsen

Árni Ibsen fæddist í Stykkishólmi 17. maí 1948. Hann starfaði um langt árabil sem leiklistar-og bókmenntaráðunautur Þjóðleikhússins, ritstýrði leikskrá hússins og ritaði greinar um íslenska leiklist í innlend og erlend fræðirit. Frá 1995 helgaði hann sig ritstörfum til dauðadags. Hann gegndi fjölda trúnaðarstarfa, sat m. a. í stjórn Leikskáldafélags Íslands frá 1989 og var formaður þess 1998 - 2004.



Eftir hann liggur fjöldi leikrita sem hafa verið þýdd á tíu tungumál og sviðsett í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Færeyjum, Þýskalandi, Ungverjalandi, Eistlandi, Írlandi, Englandi og Bandaríkjunum, en hér heima hafa öll helstu atvinnuleikhúsin sýnt verk hans. Hann samdi einnig kvikmyndahandrit og margvíslegt efni fyrir útvarp og sjónvarp, þætti, stuttmyndir, leikrit og áramótaskaup.

Árið 1996 var Árni tilnefndur til Norrænu leikskáldaverðlaunanna fyrir leikritið Himnaríki – geðklofinn gamanleik, sem hefur verið sýnt víða um Evrópu. Á meðal annarra leikrita hans eru Skjaldbakan kemst þangað líka, Fiskar á þurru landi, Elín Helena, Ef væri ég gullfiskur! og Að eilífu. Jaðarleikhúsið The Luminous Group í New York frumsýndi örleikrit Árna O, Meg! My Life Is ... í desember 2000. Árni þýddi yfir þrjátíu leikrit, m. a. eftir Alan Ayckbourn, Samuel Beckett, Jim Cartwright, Elizabeth Egloff, Michael Frayn, Athol Fugard, David Hare, David Mamet og Arthur Miller. Óhætt er að fullyrða að Árni er einn af snjöllustu leikritaþýðendum sem við höfum átt. Þá var hann afkastamikill ljóðaþýðandi. Hann hafði sérstakt dálæti á bandaríska skáldinu William Carlos Williams og sendi frá sér úrval á þýðingum ljóða hans. Leikritið Skjaldbakan kemst þangað líka! segir frá samskipum Carlos Williams og Ezra Pound.



Síðustu tvö árin sem Árni lifði átti hann við erfið veikindi að stríða. Hann lést 21. ágúst 2007.

# Leikfélag Hafnarfjarðar frá 1983

Leikfélag Hafnarfjarðar var endurvakið árið 1983. Sú endurvakning átti sér nokkurn aðdraganda. Skömmu eftir að Árni Ibsen hóf störf sem kennari við Flensborgarskóla árið 1976 sneru nemendur sér til hans og leituðu aðstoðar hans við að koma upp stórri leiksýningu. Varð að ráði að setja á svið breska söngleikinn Ó, þetta er indælt stríð. Þetta varð upphafið á afar kröftugu og metnaðarfullu leikstarfi sem staðið hefur í skólalimum fram á þennan dag. Meðal þeirra verka sem nemendur sýndu á næstu árum má nefna Indíána eftir Arthur Kopit, Eftirlitsmann Gogols, Jakob eða agaspursmálið eftir Eugene Ionesco, Á rúmsjó eftir Slawomir Mrozek, Undantekninguna og regluna eftir Bertolt Brecht og Woyzeck eftir Georg Büchner. Árni Ibsen stýrði flestum þessara sýninga, en Inga Bjarnason stýrði Woyzeck og Gulldrengjunum eftir Peter Terson. Jón Júlíusson stýrði leik Ionescos.

Í kringum þessar sýningar myndaðist hópur áhugasamra ungmenna sem beitti sér fyrir endurvakningu Leikfélags Hafnarfjarðar. Það hefur haldið uppi óslitinni starfsemi til þessa dags. Var fyrsta verkefni þess Bubbi kóngur eftir Alfred Jarry undir leikstjórn Árna Ibsens. Félagið hefur oft sýnt metnað og djörfung í vali verkefna. Meðal verka sem finna má á verkefnaskrá þess má nefna Galdra-Loft Jóhanns Sigurjónssonar, Stalín er ekki hér eftir Véstein Lúðvíksson, Hamskiptin eftir Franz Kafka, Koss kongulóarkonunnar eftir Manuel Puig, Dýragarðssögu eftir Edward Albee, Beisk tár Petru von Kant eftir Rainer Werner Fassbinder, Að sjá til þín maður eftir Franz Xaver Kroetz. Leikfélagið hefur einnig gert sér far um að sinna barnaleikritum. Árið 1989 setti það upp gamanleik Shakespeares Allt í misgripum undir leikstjórn Hávars Sigurjónssonar og var farið í leikför til Indlands með þá sýningu. Þá má til gamans geta þess að félagið setti á svið Ráðskonu bakkabraeðra árið 2007 undir leikstjórn Lárusar Vilhjálmssonar sem hefur verið einn helsti burðarás félagsins frá endurreisn þess. Ráðskonan var eitt helsta eftirlæti Hafnfirðinga á fyrri árum.

# Leiklist í Hafnarfirði

Í Hafnarfirði hefur verið leikið í meira en 130 ár. Þar hafa bæði starfað áhugaleikfélög og atvinnuleikhús, auk þess sem ýmsir þjóðkunnir leikarar eru hafnfirskir að upp-  
runa eða hafa einhvern tímann tyllt niður fæti á hafnfirskum leiksviðum. Á nítjándu öld urðu Hafnarfirðingar flestum, ef ekki öllum, fyrri til að koma sér upp leikhúsi og síðar fékk Leikfélag Hafnarfjarðar ágæta aðstöðu í Bæjarbíói. Þá hefur löngum verið mikið leikið í skólum bæjarins, bæði barnaskólanum og Flensborgarskóla. Leiksaga Hafnfirðinga er því, þegar á allt er litið, bæði löng og fjölbreytt og á köflum metnaðar-  
mikil.



Að ofan: Gudfína Breiðfjörð í *Kinnarholssysturum* 1945.  
Að neðan: Hulda Runólfsdóttir var ein mesta leikstjarna Hafnfirðinga um árabíl. Hún er hér í hlutverki Úlriku í *Kinnarholssysturum* 1950.

Ekki er vitað með vissu hvenær leiksýningar hefjast í Hafnarfirði, en þó er nokkuð ljóst að það var áður en Gúttó kom til sögunnar, um 1880. Sýnt var í Linnetspakkhúsi svonefndu og var *Skugga-Sveinn* Matthíasar Jochumssonar leikinn. Frá þessu segir í endurminningum Knuds Ziemsens borgarstjóra í Reykjavík. Með tilkomu Gúttó breyttist leikaðstaða auðvitað til mikilla muna, þó að framan af muni Hafnfirðingar ekki hafa hugsað svo hátt að stofna sérstakt leikfélag. Þó er getið um leikfélag í blaðinu *Kvási* sem var gefið út í bænnum á árunum 1908–09, en litlar heimildir eru að öðru leyti um starf þess.



# Góðtemplarahúsið (Gúttó)

Gúttó í Hafnarfirði er eitt af allra fyrstu góðtemplarahúsum landsins. Það var byggt árið 1886 og vígt 17. desember sama ár. Húsið var í fyrstu aðeins sá hluti sem nú er samkomusalur. Árið 1907 var byggð þverálma sunnan við það með leiksviði og húsvarðaríbúð og árið 1929 var lokið við að byggja aðra þverálmur norðan við það í þeirri mynd sem nú er.



Gúttó var fyrsta eiginlega samkomuhús Hafnarfirðinga og aðalmenningarmiðstöð bæjarins í áratugi. Þar var leikið frá upphafi. Leikfélag Hafnarfjarðar var stofnað árið 1936 og starfaði fyrstu árin í Gúttó, en veturinn 1944-45 flutti það starfsemi sína í hið nýja bíóhús bæjarins.



Góðtemplarahús risu upp um allt land í kringum aldamótin 1900 og voru í reynd fyrstu fjölnota samkomuhúsin. Því miður eru flest þessara húsa horfin sjónum og ekki álitamál að þar hefur mikilvægur hluti af íslenskum menningararfi farið forgörðum. En Gúttó í Hafnarfirði stendur enn og er trúlega besta dæmið, sem við eigum, um íslenskt landsbyggðarleikhús frá fyrri hluta síðustu aldar.



# Góðtemplarareglan



Leikflokkur bamastúkunnar Kærleiksbandið nr. 2 1907-08. Sitjandi f.v. Valgerður Erlendsdóttir, þá geslunenn stúkunnar, Jón Helgason og Karl H. Bjarnason, Margrét Sigurgeirsdóttir og Guðrún Helgadóttir. Standandi f.v. Valdimar Eyjólfsson frá Brúasstöðum, Jól Fr. Ingvarsson, Ólafur Guðmundsson á Helli, Árni Helgason, síðar ræðismaður í Chicago, Jón Gestur Vigfússon og Valdimar Hersir. Árni og Guðrún voru systkini, Valgerður og Jól urðu hjón.

Góðtemplarareglan var á margan hátt vagga íslenskrar leikstarfsemi. Þetta var öflug alþjóðleg félagsmálahreying sem nam land á Íslandi á miðjum níunda áratug 19. aldar. Eitt meginmarkmið hennar var að vinna gegn áfengis- og tóbaksnautn meðal allra stétta og efla í því skyni félagsanda og samstöðu. Besta ráðið til þess var að finna fólki heilbrigðari og þroskavænlegri áhugamál og tómstundastörf en almennt voru í boði á þeim tíma. Leiksyningar urðu því eðlilega snemma mjög vinsælar hjá Reglunni, auk þess sem þær gátu verið drjúg tekjulind fyrir starf hennar og uppbyggingu.





# Frumkvöðullinn Þorsteinn Egilsson



Þorsteinn Egilsson.  
Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands.

Hafnirfirdingar eignuðust snemma eigið leikskáld. Það var Þorsteinn Egilsson, kaupmaður (1842 – 1911). Þorsteinn var sonur Sveinbjarnar Egilssonar, skálds og rektors Lærða skólans í Reykjavík, og bróðir Benedikts Gröndal, skálds. Hann varð stúdent úr Lærða skólanum í Reykjavík árið 1860 og gerðist síðar umsvifamikill kaupmaður og útgerðarmaður í Hafnarfirði.

Á námsárum sínum í Reykjavík kynntist Þorsteinn Sigurði Guðmundssyni málara (1833 – 1874), einum merkasta frumkvöðli íslenskrar leiklistar á nítjándu öld. Meðal þess sem Sigurður átti þátt í var stofnun Kveldfélagsins, leynifélags til að ýta undir þjóðfélagslegar framfarir á öllum sviðum. Þorsteinn Egilsson var félagi í því. Á einum af fundum þess var fluttur lítill leikþáttur sem Þorsteinn hafði samið í félagi við annan mann, samtal tveggja sauða um eitt helsta hitamál þjóðarinnar á þeim árum, fjárkláðann.



Sigurður Guðmundsson málari.

Eftir að Þorsteinn fluttist til Hafnarfjarðar gerðist hann einn helsti frumkvöðull leiksýninga í bænum. Íslenska þjóðin átti á þessum tíma ekki mikið af leikritum og urðu *Skugga-Sveinn* Matthíasar Jochumssonar og *Nýársnótt* Indriða Einarssonar snemma flestum öðrum vinsælli. Þó voru leikir Sigurðar Péturssonar sýslumanns (1759 – 1827), *Hrólfur* og *Narfi*, einnig mikið leknir. Öll voru þessi leikrit sýnd í Hafnarfirði fyrir



aldamótin 1900. Þess má til gamans geta að Eyjólfur Illugason járnsmiður þótti sýna mikil tilþrif í túlkun *Skugga-Sveins*, svo að orð fór af um allt land. Eyjólfur var einnig í fremstu röð hafnirskra góðtemplara um langt skeið.

Hellisleiktjald Sigurðar málara fyrir *Útilegumenn* Matthíasar Jochumssonar 1872-73. Ljósmynd: Ívar Brynjólfsson/Þjóðminjasafn Íslands.



# Leikrit Þorsteins Egilssonar

Þar sem skortur var á frumsömdum íslenskum leikritum greip Þorsteinn Egilsson til þess ráðs að skrifa sjálfur leikrit. Á tíunda áratugnum voru flutt eftir hann tvö leikrit sem voru bæði prentuð: *Útsvarið* (leikið í Flensborgarskóla árið 1893, prentað árið 1895) og *Prestskosningin* (prentað 1894, leikið árið 1895). Í báðum leikritunum eru umdeild dægurmál tekin fyrir og gerð að uppistöðu í leikfléttunni og þau að því leyti undir áhrifum frá raunsæisstefnunni (realismanum). *Útsvarið* er þó, líkt og leikir Sigurðar Péturssonar sýslumanns, sem einnig voru leiknir í Hafnarfirði, samið undir greinilegum áhrifum frá klassískum gamanleikjum Holbergs og Molières. Í *Prestskosningunni* er ádeilan pólitískari; þar eru teknar til meðferðar spurningar um þá meinbugi sem geta verið á framkvæmd lýðræðisins, hættunar við að einstakir menn noti það sjálfum sér til framdráttar í krafti auðs og áhrifa.



Þorsteini Egilssyni var ekki, fremur en William Shakespeare, sama um það hvernig farið væri með leiki hans á sviðinu. Í eftirmála *Prestskosningarinnar* segir hann sem sé:

„Viðvíkjandi því, hvernig hver persóna væri leikin, skal jeg geta þess, að engin persóna í leiknum á að leikast sem nein skrípa-persóna. Maður sjer stundum leikendur ætla að skemmta áhorfendum með ónáttúrulegum skrípálátum, en að minnsta kosti, hvað persónur í þessum leik áhrærir er það á móti mínun vilja, og móti því sem jeg hef hugsað mjer þær, ef nokkur þeirra er leikin á þann hátt.“

Telja má víst að Þorsteinn hafi brýnt fyrir leikendum að forðast allar slíkar öfgar þegar hann setti leikina á svið í heimabæ sínum.

Hafnarfjörður á fyrri hluta 19. aldar. Málverk eftir George Steuart Mackenzie. Úr: Henry Holland. *Dagbók í Íslandsferð 1810.*



# Hugað að stofnun leikfélags

Leikfélag Reykjavíkur var stofnað árið 1897 og var starf þess mjög öflugt frá upphafi. Fordæmi þess sýndi hversu miklu skipti að stofna sérstakt félag um leikstarfið og víða um land spruttu upp leikfélög á næstu árum og áratugum. Forsvarsmenn annarra félaga og samtaka, svo sem kvenfélaga, bindindisfélaga og ungmennafélaga, voru þó ekki alltaf hrífir af slíkri ráðabreytni, því að þau óttuðust að með því myndu félög þeirra missa tekjur. Þá var ekki óalgengt að menn settu á svið leiki til að aflfjártlífsstakra framkvæmda eða líknarmála. Leikáhugamenn bentu hins vegar á nauðsyn þess að nýta tekjurnar af sýningunum til að koma upp betri sviðsbúnaði og vinnuástöðu. Um þetta var stundum tekist á undir yfirborðinu.




Kvenfélagið Hringurinn sýndi *Apoköttinn* 1936. Stjandi f.v. Ágústa Guðmundsdóttir og Eiríkur Jóhannesson. Standandi f.v. Sigurður Gíslason, Elin Guðjónsdóttir og Daniel Bergmann, fyrsti formaður Leikfélags Hafnarfjarðar.

Ekki fer miklum sögum af slíkum átökum í Hafnarfirði, en staðreyndin er þó sú að sjálfstætt leikfélag nær þar fótfestu tiltölulega seint, eða á fjórða áratug síðustu aldar. Fram að því höfðu ýmis félög staðið fyrir sýningum, ekki síst Kvenfélagið Hringurinn, sem var stofnað árið 1912. Voru þess jafnvel dæmi að félagskonur væru sjálfar í öllum hlutverkum.




# Steinn Sigurðsson

Leikstarf á landsbyggðinni hefur alltaf átt mikið undir einstökum áhugamönnum sem náð hafa að kveikja áhuga og metnað starfsfélaga sinna. Hafnfirðingar hafa átt nokkra slíka eldhuga sem markað hafa spor í leiksögu bæjarins. Á árunum í kringum 1920 átti Steinn Sigurðsson kennari (1872 – 1940) drýgstan þátt í leikstarfi bæjarins og setti þá á svið að minnsta kosti fjóra af sjónleikjum sínum. Steinn lék reyndar ekki sjálfur, en stóð fyrir sýningunum, stýrði æfingum og annaðist gerð leiktjalda. Gísli Jónsson listmálari fékkst einnig við leiktjaldamálun á þessum árum. Jón Bergsteinn Pétursson mun oftast hafa farið með aðalhlutverkin í leikritum Steins, en hann var viðriðinn leikstarf í bænum um þrjátíu ára skeið.



Steinn Sigurðsson.



Atriði úr *Stormum* eftir Stein Sigurðsson, sem sýnt var 1922.

Síðasti leikur Steins sem hann setti á svið var *Stormar* árið 1924. Það var leikið af Leikfélagi Reykjavíkur tveimur árum síðar. Í leikritinu er fjallað um stéttaátök þau, sem tekin voru að setja aukinn svip á þjóðlíf þessara ára, og er þetta eitt fyrsta dæmi þess að þau séu tekin til meðferðar á íslensku sviði.



*Töfrabrumurim* 1954-55. Friðleifur Guðmundsson, Sverrir Guðmundsson og Sólveig Jóhannsdóttir.

Atriði úr *Nóttinni löngu* eftir Jóhannes Steinsson í leikstjórn Einars Pálssonar 1949-50. Ljósmynd: Sigurður Guðmundsson.



# Leikfélag Hafnarfjarðar

Leikfélag Hafnarfjarðar hóf göngu sína árið 1936. Var fyrsta viðfangsefni þess leikrit Steins Sigurðssonar, *Almannarómur*. Eftir kraftmikla byrjun dofnaði yfir félaginu, en árið 1943 hljóp í það nýr kraftur og starfaði félagið eftir það samfleytt í rúma tvo áratugi. Fyrstu árin lék það í Gúttó, en fluttist í Bæjarbíó þegar það var opnað árið 1945.



Ráðskona Bakkabræðra 1943-45. Hulda Runólfsdóttir sem Gróa og Ársæll Pálsson, Eiríkur Jóhannesson og Hafsteinn Baldvínsson sem bræðurnir.

Verkefnaval Leikfélagsins sór sig í ætt við það sem löngum tíðkaðist hjá leikfélögum landsbyggðarinnar. Gamanleikir, flestir af erlendum uppruna, voru algengir og urðu sumir afar vinsælir, fáir ef nokkrir þó sem *Ráðskona Bakkabræðra* sem félagið sýndi tvívegis við gríðarlega aðsókn. Ekki er að efa að félagið naut þá nábýlisins við höfuðborgina og að Reykvíkingar hafa ekki talið eftir sér að skreppa til Hafnarfjarðar til þess að hlæja rækilega.

## Leikfélag Hafnarfjarðar var stofnað 19. apríl 1936

### Verkefnaskrá fyrstu árin:

1936-37: *Almannarómur*. Leikstj. Jón B. Pétursson.  
*Narfi Narfason*. Leikstj. Daniel Bergmann.  
*Heyrnarleysið*. Leikstj. Eiríkur Jóhannesson.  
1937-38: *Hírra krakki*. Leikstj. Daniel Bergmann.  
1938-39: *Eruð þér frimúrari?* Leikstj. Alfred Andrésson.  
Hlé á sýningum utan hvað félagar úr LH sýndu *Evintýri á gönguför* og *Porlák þreytta* 1942-43. Leikstj. Haraldur Á. Sigurðsson.  
1942-43: *Apakötturinn og Nei-íð*. Leikstj. Sveinn V. Stefánsson/Eiríkur Jóh.  
1943-44: *Ráðskona Bakkabræðra*. Leikstj. Hulda Runólfsdóttir.  
1944-45: *Ráðskona Bakkabræðra*.  
*Kinnarholvssystur*. Leikstj. Jón Norðfjörð.  
*Hreppstjóri á Hraunhamri*. Leikstj. Sveinn V. Stefánsson.  
1945-46: *Hreppstjóri á Hraunhamri*.  
*Tengdababbi*. Leikstj. Jón Aðils.  
*Pósturinn kemur*. Leikstj. Lárus Sigurbjörnsson.  
1946-47: *Hírra krakki* (og *Fjalakötturinn*). Leikstj. Haraldur Á. Sigurðsson.  
1947-48: *Karlinn í kassanum* (og *Fjalakötturinn*). Leikstj. Indriði Waage.  
1948-49: *Gasfjós*. Leikstj. Ævar R. Kvaran.  
*Revían Gullna leiddin*. Leikstj. Ævar R. Kvaran.  
1949-50: *Ekki er gott að maðurinn sé óinn*. Leikstj. Inga Laxness.  
1950-51: *Kinnarholvssystur*. Leikstj. Einar Pálsson.  
1951-52: *Aunungja Hanna*. Leikstj. Rírik Haraldsson.  
*Draugalestin*. Leikstj. Einar Pálsson.



*Hans og Gréta*, 1953-54. Guðjón Ingi Sigurðsson sem Hans og Björk Guðjónsdóttir sem Gréta. Gurún Reynisdóttir sem skógardísinn og Valgerður Óladóttir og Svanhvít Magnúsdóttir sem blómálfar.

Fríðleifur Guðmundsson, Jóhanna Hjaltalin og Sigurður Kristíns í *Hvítík fjölskylda* 1953-54.



Róbert Arnfinnsson í *Karlinnum á kassanum* 1947-48.

# Stjörnur „að sunnan“

En félagið naut þess einnig að geta sótt leikara og leikstjóra til Reykjavíkur. Það leitaði langoftast til atvinnumannanna í Reykjavík um leikstjórn og stundum komu frægar stjörnur „að sunnan“ til bæjarins, leikarar á borð við Alfred Andrésson, Harald Á. Sigurðsson, Róbert Arnfinnsson, Ernu Sigurleifsdóttur og fleiri. Árið 1945 var Jón Norðfjörð, leikari og leikstjóri frá Akureyri, gestur félagsins og stóð fyrir námskeiðum. Þegar Einar Pálsson var leikstjóri hjá félaginu 1951-52 var veitt tilsögn í framsögn. Klemenz Jónsson veitti leiklistarskóla forstöðu á vegum félagsins á árunum 1958-59 og voru nemendur tólf talsins. Auk Klemenzar kenndu Inga Laxness, Inga Þórðardóttir, Herdís Þorvaldsdóttir og Jón Aðils við skólann, en Haraldur Adolfsson veitti tilsögn í förðun og Jón Valgeir Stefánsson í dansi. Einnig kom fyrir að leikmynda-teiknarar voru sóttir til Reykjavíkur. Á fyrri hluta sjötta áratugarins gerði Þjóðverjinn Lothar Grund nokkrar leikmyndir við sýningar félagsins, en Lothar var menntaður í faginu og átti eftir að gera mjög athyglisverðar leikmyndir á sviði Þjóðleikhússins.



Herdís Þorvaldsdóttir og Eiríkur Jóhannesson í *Pósturim kemur*, 1945-46. Eiríkur var einn af málfráttum leikfélagsins um árabíl.

Hafnfirskir leikarar voru löngum ferðaglaðir og leikferðir voru snar þáttur í starfi L.H. Oftast var farið með sýningar í nágrennbæi, en einnig lengra og sýnt á stöðum eins og Akranesi og Vestmannaeyjum. Árið 1952 var farið norður í land og sumarið 1958 í mikla leikför um Austurland; var þá sýnt tíu sinnum á sjö stöðum, eins og segir í söguannál félagsins sem var birtur í leikskrá þess á 25 ára afmælinu.

Haraldur Á. Sigurðsson og Emelía Jónasdóttir í *Karlinn í kassanum* 1947-48.



# Hafnarfjarðarleikhúsið

## Hermóður og Háðvör

Árið 1995 tók leikhópurinn Hermóður og Háðvör til starfa. Fyrirliði hópsins var Hilmar Jónsson leikstjóri, en aðrir burðarásar voru Gunnar Helgason, Björk Jakobsdóttir, Erling Jóhannesson, Þórhallur Gunnarsson og Finnur Arnar Arnarsson sem gerði langflestar leikmyndanna. Fyrsta sýning hópsins var nýtt leikrit eftir Árna Ibsen, *Himnaríki*, sem fékk afbragðs viðtökur bæði áhorfenda og gagnrýnenda. Leikritið var sett upp í hinu gamla frystihúsi Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar á Norðurbakkanum. Hópurinn náði því að gera sameiginlegan starfssamning við Hafnarfjarðarbæ og ríkið sem skóp honum traustan starfsgrundvöll.



*Ufsagrýllur* eftir Sjón. Leikstjórn: Rúnar Guðbrandsson. Samstarf við Lab-Loka 2010. Ljósmynd: Snorri Gunnarsson.



*Englabörn* eftir Hávar Sigurjónsson. Ljósmynd: Guðmundur Ingólfsson.

*Birtingur* eftir Voltaire. Ljósmynd: Guðmundur Ingólfsson.

Framan af starfaði hópurinn í frystihúsinu gamla sem síðar vék fyrir íbúðarblokkum. Rýmið var allóvenjulegt: Salurinn langur og breiður, en ekki hár til lofts sem setti sýningum ákveðin takmörk. En það gaf einnig möguleika sem oft voru nýttir á afar hugmyndaríkan hátt og var skipan sviðs og áhorfendarymis breytileg eftir verkefnum. Í verkefnavali hefur hópurinn jafnan lagt áherslu á ný íslensk verk eða frumsamdar leikgerðir eftir þekktum skáldverkum. Frá haustinu 2005 hefur hópurinn starfað í hinu gamla húsnæði Vélsmiðju Hafnarfjarðar, Smiðjunni.



# Árni Ibsen

Árni Ibsen, leikskáld og leikritaþýðandi, var lengst af búsettur í Hafnarfirði og markaði ýmis spor í leiksögu bæjarins. Árni var fæddur í Stykkishólmi árið 1948. Hann tók BA-gráðu í leiklist og enskum bókmenntum við háskólann í Exeter árið 1975 og starfaði um langt árabil sem leiklistar- og bókmenntaráðunautur Þjóðleikhússins, ritstýrði leikskrá þess og ritaði greinar um íslenska leiklist í innlend og erlend fræðirit. Frá 1995 helgaði hann sig ritstörfum. Hann gegndi fjölda trúnaðarstarfa, sat m. a. í stjórn Leikskáldafélags Íslands frá 1989 og var formaður þess í sex ár. Árni lést eftir erfið veikindi árið 2007.



Árni Ibsen.



Þórhallur Gunnarsson og Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir í *Himnaríki* eftir Árna Ibsen, 1995. Ljósmynd: Bára Kristinsdóttir.

Eftir Árna liggur fjöldi leikrita sem hafa verið þýdd á tíu tungumál og sviðsett í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Færeyjum, Þýskalandi, Ungverjalandi, Eistlandi, Írlandi, Englandi og Bandaríkjunum. Hér heima hafa öll helstu atvinnuleikhúsin sýnt verk hans. Hann samdi einnig kvikmyndahandrit og margvíslegt efni fyrir útvarp og sjónvarp, þætti, stuttmyndir, leikrit og áramótaskaup. Þá var Árni afkastamikill ljóðskáld og birtist síðasta ljóðabók hans sama sumar og hann lést.

Árið 1996 var Árni tilnefndur til Norrænu leikskáldaverðlaunanna fyrir leikritið *Himnaríki – geðklofinn gamanleik*, sem hefur verið sýnt víða um Evrópu. Á meðal annarra leikrita hans eru *Skjaldbakan kemst þangað líka*, *Fiskar á þurru landi*, *Elín Helena*, *Ef væri ég gullfiskur!* og *Að eilífu*. Jaðarleikhúsið The Luminous Group í New York frumsýndi örleikrit Árna *O, Meg! My Life Is ...* í desember 2000. Árni þýddi yfir þrjátíu leikrit, m. a. eftir Alan Ayckbourn, Samuel Beckett, Jim Cartwright, Elizabeth Egloff, Michael Frayn, Athol Fugard, David Hare, David Mamet og Arthur Miller. Óhætt er að fullyrða að Árni er einn af snjöllustu leikritaþýðendum sem við höfum átt. Þá var hann afkastamikill ljóðaþýðandi. Hann hafði sérstakt dálæti á bandaríska skáldinu William Carlos Williams og sendi frá sér úrval á þýðingum ljóða hans. Leikritið *Skjaldbakan kemst þangað líka!* segir frá samskiptum Carlos Williams og Ezra Pound. Árni átti mjög gott safn ljóðabóka og fræðrita um bókmenntir og leiklist og ánafnaði Landsbókasafni Íslands það eftir sinn dag. Þá arfleiddi hann Leikminjasafn Íslands að ýmsum gögnum tengdum sýningum verka sinna, íslenskum jafnt sem erlendum.

Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, Friðrik Friðriksson og Elma Lís Gísladóttir í annarri uppfærslu Hafnarfararleikhússins á *Himnaríki*, 2005. Ljósmynd: Ásdís Ásgeirsdóttir.





# Leikfélag Hafnarfjarðar eftir endurreisn



Mómó eftir Michael Ende, 1994. Hrund Scheving sem Mómó og Stefán Karl Stefánsson sem Gigi. Leikstjórn: Kolbrún Halldórsdóttir. Ljósmynd: Kristín Þóra.

Leikfélag Hafnarfjarðar var endurvakið árið 1983. Sú endurvakning átti sér nokkurn aðdraganda. Skömmu eftir að Árni Ibsen hóf störf sem kennari við Flensborgarskóla árið 1976 sneru nemendur sér til hans og leitðu aðstoðar hans við að koma upp stórra leik-sýningu. Varð að ráði að setja á svið breska söng-leikinn *Ó, þetta er indælt stríð*. Þetta varð upphafið á kröftugu leikstarfi sem staðið hefur í skólanum fram á þennan dag. Meðal þeirra verka sem nemendur sýndu á næstu árum má nefna *Indíána* eftir Arthur Kopit, *Eftirlitsmann* Gogols, *Jakob eða agaspursmálið* eftir Eugene Ionesco, *Árumsjó* eftir Slawomír Mrozek, *Undantekninguna* og *regluna* eftir Bertolt Brecht og *Woyzeck* eftir Georg Büchner.

Í kringum þessar sýningar myndaðist vaskur hópur áhugasamra ungmenna sem beitti sér fyrir endurvakningu Leikfélags Hafnarfjarðar. Það hefur haldið uppi óslitinni starfsemi til þessa dags. Var fyrsta verkefni þess *Bubbi kóngur* eftir Alfred Jarry undir leikstjórn Árna Ibsens. Félagið hefur oft sýnt metnað og djörfung í vali verkefna. Meðal verka, sem það hefur tekist á við, má nefna *Galdra-Loft* Jóhanns Sigurjónssonar, *Stalín er ekki hér* eftir Véstein Lúðvíksson, *Hamskiptin* eftir Franz Kafka, *Koss kóngulóarkonunnar* eftir Manuel Puig, *Dýragarðssögu* eftir Edward Albee, *Beisk tár Petru von Kant* eftir Rainer Werner Fassbinder og *Að sjá til þín maður* eftir Franz Xaver Kroetz.



*Stalín er ekki hér* eftir Véstein Lúðvíksson. Hallgrímur Hróðmarsson sem Þórður Karlsson og Bára Jónsdóttir sem Munda. Leikstjórn: Hanna María Karlsdóttir. Ljósmynd: Ivar Brynjólfsson.

Félagið hefur einnig gert sér far um að sinna barnaleikritum og um árabíl var rekin sérstök unglingadeild á vegum þess. Þá hefur það tvívegis farið með sýningar á erlendar leiklistarhátíðir: árið 1986 fór það með *Rokkhjartað slær* á hátíð Alþjóðasamtaka áhuga-leikhúsa, IATA, í Mónakó og síðar með gamanleik Shakespeares *Allt í misgripum* til Chandigarh í Indlandi. Þá má til gamans geta þess að félagið setti á svið gamanleikinn *Ráðskonu Bakkabræðra* árið 2007 undir leikstjórn Lárusar Vilhjálmssonar sem hefur verið einn helsti burðarás félagsins frá endurreisn þess. Ráðskonan var eitt helsta eftirlæti Hafnfirðinga á fyrri árum og sett upp tvívegis við gríðarlega aðsókn.

*Gulldregimír* eftir Peter Terson, 1980. Leikstjórn: Inga Bjarnason. Ljósmynd: Ivar Brynjólfsson.

